

„Að lifa og læra í lýðræði“
Málþing um borgaravitund og
lýðræði í skólastarfi

Greinargerð um niðurstöður

September 2005

„Að lifa og læra í lýðræði“

Málþing um borgaravitund og lýðræði

Haldið í Menntaskólanum í Hamrahlíð
30. maí 2005

Unnið fyrir

Menntamálaráðuneytið



Umsjón

Alta ehf.
Suðurlandsbraut 12
108 Reykjavík
Sími: 533 1670
Netfang: alta@alta.is

alta

1. INNGANGUR	1
2. MÁLÞINGIÐ	2
2.1. Setning	2
2.2. Kynning	3
2.3. Ísbrjótur	3
2.4. Hugarflug	3
2.5. Hópastarf	4
2.6. Varða.....	5
3. NIÐURSTÖÐUR HUGARFLUGS	6
3.1. Þátttaka ungs fólks í samfélaginu. Tækifæri og hindranir.....	6
3.2. Leiðir til aukinnar þátttöku í samfélaginu	9
4. NIÐURSTÖÐUR HÓPASTARFS	11
4.1. Hinn fullkomni lýðræðislegi skóli	11
4.2. Niðurstöður um önnur umræðuefni.....	13
4.3. Er ungt fólk virkt/sýnilegt í samfélaginu?	14
4.4. Hvernig geta æskulýðssamtök og ungmennahreyfingar eflt borgaravitund?	14
4.5. Fjölmíðlar.....	14
4.6. Nútímasamskipti	15
4.7. Skiptir borgaravitund máli?.....	15
5. SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM	16
6. VIÐAUKI – NIÐURSTÖÐUR HÓPASTARFS	17
6.1. Hópur 1	17
6.2. Hópur 2	18
6.3. Hópur 3	18
6.4. Hópur 4	19
6.5. Hópur 5	20
6.6. Hópur 6	20
6.7. Hópur 7	22
6.8. Hópur 8	22

1. INNGANGUR

Málþing um borgaravitund og lýðræði í skólastarfi var haldið í Menntaskólanum við Hamrahlíð mánudaginn 30. maí 2005 undir yfirskriftinni „Að lifa og læra í lýðræði“. Málþingið var eingöngu ætlað nemendum í efstu bekkjum grunnskóla, í framhaldsskóla og frá æskulýðs- og ungmennasamtökum. Um 40 ungmenni tóku þátt í málþinginu sem stóð frá kl. 10-16.

Í þessari skýrslu hafa verið dregin saman meginartilboð sem komu fram á málþinginu. Í öðrum kafla þessarar skýrslu er lýsing á framgangi fundarins. Í þriðja kafla eru niðurstöður hugarflugs dregnar saman og í þeim fjórða niðurstöður hópstarfs. Í viðauka má sjá niðurstöður hvers vinnuhóps dregnar saman af þátttakendum sjálfum.

Ráðgjafarfyritækið Alta stýrði málþinginu og vann úr niðurstöðum þess.

2. MÁLÞINGIÐ

Málþingið er liður í verkefni Evrópuráðsins; *Evrópuár um borgaravitund og lýðræði í skólastarfi 2005*, sem menntamálaráðuneytið tekur þátt í. Fundarstjórn var í höndum ráðgjafarfyrtækisins Alta.

Markmið þingsins var að gefa ungu fólki tækifæri til að ræða um borgaravitund og lýðræði á eigin forsendum, hvernig hægt er að vera virkur þátttakandi í lýðræðislegu samfélagi og hvernig skólinn getur stuðlað að lýðræðislegri færni nemenda og aukinni borgaravitund.

Þátttakendur í málþinginu voru fulltrúar frá grunnskólum, framhaldsskólum, og ungmenna- og æskulýðsfélögum.

Dagskrá málþingsins var á þessa leið:

Kl. 09:30	Skráning þátttakenda
Kl. 10:00	Málþingsgestir boðnir velkomnir
Kl. 10:10	Ávarp menntamálaráðherra
Kl. 10:20	Kynning á verkefninu
Kl. 10:35	Kaffihlé
Kl. 10:50	Kynning þátttakenda
Kl. 11:15	Ísbrjótur
Kl. 11:25	Hugarflug
Kl. 12:25	Hádegishlé
Kl. 13:00	Hópastarf
	Fjallað um borgaravitund og lýðræði frá ýmsum sjónarhornum
Kl. 14:30	Kynning niðurstaðna og umræður
Kl. 15:00:	Samantekt og fundarslit
	Skilaboð dagsins dregin saman stuttlega. Hlaðin varða. Hver þátttakandi fær stein og skrifar á hann hvað honum er efst í huga um borgaravitund. Hver þátttakandi les upp orðið og leggur stein í vörðu. Varðan vísar rétta leið að efla borgaravitund ungs fólks í framtíðinni
Kl. 15:30	Grillað

2.1. Setning

Við setningu málþingsins ávarpaði Steingrímur Sigurgeirsson aðstoðarmaður ráðherra málþingið fyrir hönd menntamálaráðherra. Í ávarpi Steingríms kom m.a. fram að hugtökin lýðræði og borgaravitund eru oft notuð, en fólk leggur hins vegar mismunandi merkingu í þau. Við spurningunni „hvað er borgaravitund?“ er ekkert einhlítt svar. Nefndi hann að mikilvægt væri að þjóðfélagið byði upp á lýðræðislegt umhverfi og að fólk ætti að nýta sér þann lýðræðislega rétt sem það hefur til að láta skoðanir sínar í ljós.

2.2. Kynning

Sesselja Snævarr, sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu kynnti stuttlega verkefni Menntamálaráðuneytisins „*Að lifa og læra í lýðræði*“; *Evrópuár um borgaravitund og lýðræði í skólaskrifum 2005*. Hún sagði m.a. að menntun í borgaravitund (Education for Democratic Citizenship) hafi verið eitt af áhersluverkefnum Evrópuráðsins á sviði menntunar frá árinu 1997 og almennt markmið í stefnumótun á síðustu árum.

Kennsla í borgaravitund (Education for Democratic Citizenship) hefur það meginmarkmið að auka færni ungs fólks og fullorðinna til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi í samræmi við eigin réttindi, skyldur og ábyrgð. Skólinn og ungmenna- og æskulýðsfélög eru þar í brennidepli. Hlutverk skóla er að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi í samvinnu við heimilin og stuðla að alhliða þroska nemenda svo þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í samfélaginu.

Markmið með málþinginu er að fjalla um borgaravitund og lýðræði út frá sjónarmiði ungs fólks og um þátttöku ungs fólks í lýðræðislegu samfélagi almennt og hvernig hægt sé að efla borgaravitund og lýðræði í skólaskrifum.

2.3. Ísbrjótur

Sem ísbrjótur í upphafi málþings kynnti hver þátttakandi sig fyrir borðfélaga sínum sem svo kynnti viðkomandi með því að segja hvaðan hann kom og tilgreina jafnframt eitthvað þrennt jákvætt í fari hans að hans eigin sögn.



2.4. Hugarflug

Markmiðið með hugarflugi var að þátttakendur viðruðu hugmyndir sínar um lýðræði og borgaravitund og ræddu ákveðnar spurningar út frá þeim. Þátttakendur unnu tvö til þrjú saman og skrifuðu hugmyndir sínar á miða sem safnað var saman. Fundarstjóri velti upp spurningum og vangaveltum út frá þeim um leið og hann las þær upp. Líflegar umræður urðu á meðal þátttakenda strax á meðan á hugarflugi stóð, sem var góður undirbúningur að umræðum í hópastarfi seinna um daginn.

Meginspurningar til umræðu í kjölfar hugarflugsins voru þessar:

- Hvað er að vera virkur þátttakandi í samfélaginu? Hvernig birtist það?
- Hvaða vandamál koma í veg fyrir að hægt sé að ná þessu æskilega ástandi?
- Hvaða leiðir eru til úrbóta?

2.5. Hópastarf

Að hugarflugi loknu fór fram hópastarf þar sem markmiðið var að kafa dýpra í viðfangsefni málþingsins. Þátttakendum var skipt í átta hópa og voru fimm til sex þátttakendur í hverjum hópi. Hver hópur, fékk tvær spurningar til að ræða. Fyrri spurningin var sameiginleg fyrir alla hópa, en sú síðari mismunandi fyrir hvern hóp. Hóparnir skipuðu ritara og talsmann hópsins.

Spurningin sem var sameiginleg öllum hópum var svohljóðandi:

Hvernig er hinn fullkomni lýðræðislegi skóli? Dæmi um umræðupunkta:

- Stjórnun
- Ákvörðunartaka
- Náms efni
- Kennsluhættir
- Félagstarf
- Frelsi

Aðrar spurningar sem voru til umræðu voru eftirfarandi:

- Skiptir borgaravitund máli? Ef já, hvers vegna? Ef nei, hvers vegna ekki?
- Hvernig geta æskulýðssamtök og ungmennahreyfingar stuðlað að því að efla borgaravitund?
- Er ungt fólk virkt í samfélaginu? Ef svo er, á hvaða hátt. Ef ekki, hvers vegna ekki?
- Kosningaþátttaka. Óþarfa vesen eða dýrmætur réttur?
- Nútímasamskipta- og upplýsingatækni (GSM og tölvur) – Tækifæri eða hindrun?
- Hafa fjölmiðlar áhrif á daglegt líf og skoðanamyndun?

2.6. Varða

Málþinginu var slitið með því að hlaðin var varða úr grjóti. Þátttakendur rituðu hver á sitt grjót það orð, sem þeim var efst í huga eftir umræður dagsins. Grjótið var síðan lagt í vörðu, sem er ætlað að vera vegvísir til eflingar lýðræðis og borgaravitundar ungs fólks í framtíðinni. Varðan var gefin Menntaskólanum í Hamrahlíð til varðveislu.

Eftir þingið var þátttakendum boðið upp á grillaðar pylsur.

„Lýðræði“

„Skoðanir“

„Pólitík“



3. NIÐURSTÖÐUR HUGARFLUGS

Hér á eftir er samantekt á meginskilaboðum hugarflugsins. Í kafla 3.1 eru tekin saman atriði sem fram komu í umræðu um þátttöku ungs fólks í samfélaginu og hindranir þar á. Í kafla 3.2 er fjallað um leiðir til úrbóta og hvernig hægt væri að virkja ungt fólk betur til aukinnar þátttöku.

3.1. Þátttaka ungs fólks í samfélaginu. Tækifæri og hindranir.

Fram kom áhersla þátttakenda á mikilvægi þess að taka virkan þátt í samfélaginu, s.s. ýmis konar viðburðum og félagslegu starfi. Mikilvægt er að fólk nýti sér þau tækifæri sem samfélagið býður upp á og að fólk leggi sitt af mörkum í leik og starfi.



Hvað varðar hindranir á þátttöku í samfélaginu töldu þátttakendur það helst stafa af áhugaleysi. Einnig var talið að mismunandi félagsleg staða geti gert sumum hópum samfélagsins erfitt fyrir. Nefndu þau sem dæmi yngri kynslóðina og íbúa af erlendum uppruna. Upplýsingamiðlun var talin vera mikilvægur þáttur í að auka möguleika fólks til þátttöku þar sem nauðsynlegt er að vera meðvitaður um málefni samfélagsins til að geta verið virkur þátttakandi.

Fram komu hugmyndir um að hvetja ætti til aukinnar þátttöku í viðburðum s.s. 17. júní og 1. maí til að efla meðvitund borgara á málefnum eins og lýðræði og verkalyðshreyfingunni. Fólk líti nú á þessa daga fyrst og fremst sem kærkomna frídaga og nýti þá helst til að fara út úr bænum eða vera heima og slaka á í stað þess að vera virkur þátttakandi. Þessir dagar eru að mati þátttakenda mikilvægir til að efla borgaravitund og meðvitund fólks um eigið samfélag.

Ábyrgð og áhugaleysi

Almennt var áhugaleysi talið vera ein helsta ástæða þess að ungt fólk taki ekki meiri þátt í samfélaginu. Fram kom að ungt fólk hefði ekki nægan áhuga á samfélaginu og til þess vantaði hvatningu. Áhugaleysi væri því rót vandamálsins sem snéri að virkni fólks og sérstaklega ungs fólks. Ungt fólk leitar oft auðveldustu leiðarinnar, sem er að taka ekki þátt.

„Vera ófeimin við að koma sínum eigin skoðunum á framfæri“



„Að láta í sér heyra“

Grundvallaratriði í að vera virkur þátttakandi í samfélaginu er að tjá skoðanir sínar. Þátttakendur töldu mikilvægt að fólk myndaði sér skoðanir á málefnum samfélagsins og láti þær í ljós.

„Vera meðvitaður um hvað er að gerast í samfélaginu“



Þátttakendum var einnig ofarlega í huga að skortur á sjálfstrausti og að hræðsla við dómhörku gæti komið í veg fyrir að fólk léti skoðanir sínar í ljós.

Var það mat þátttakenda að ekki sé hlustað nægilega vel á ungt fólk. Ef ekki er tekið mark á ungu fólki dregur það úr vilja þess til þátttöku og einnig vilja þess til að láta skoðanir og sjónarmið sín í ljós. Slíkt getur leitt af sér vantraust í garð stjórnvalda.

Upplýsingar

Þátttakendur nefndu m.a. að skortur á menntun og upplýsingaflæði gæti dregið úr virkri þátttöku. Einnig skapaðist talsverð umræða um hlutdrægni fjölmiðla. Kom það skýrt fram að mikilvægt væri að allar hliðar málsins væru kynntar í fjölmiðlum til þess að fólk gæti myndað sér sjálfstæðar skoðanir.

„Vera með mismunandi útgáfur af fréttatímanum, t.d. krakkafréttir. Öllum börnin upp sem virka þátttakendur. Það mætti gera fleiri heimildamyndir í sjónvarpið til að upplýsa fólkið og gera þær meira spennandi og láta ungt fólk sjá um eitthvað af þeim.“



Eftir talsverða umræðu um fjölmiðla var niðurstaðan sú að hugsanlega væru nægar upplýsingar til staðar til að fólk gæti verið meðvitað um samfélagið og myndað sér skoðun. Það væri hins vegar á ábyrgð hvers og eins að kynna sér málin og fylgjast með fjölmiðlum. Jafnframt kom fram að hugsanlega mætti gera upplýsingamiðla aðgengilegri fyrir yngra fólk.

Virðing og víðsýni

Virðing fyrir skoðunum annarra er mikilvægur þáttur í umræðu um borgaravitund og lýðræði og töldu þátttakendur að skortur á virðingu gæti verið vandamál þegar kemur að virkni íbúa. Að mati þátttakenda er virðing eitt af lykilatriðum í borgaravitund. Einnig að vera óháður öðrum og að öðlast kjark til að hafa sjálfstæðar skoðanir.

Ekki er hlustað nægilega á ungt fólk og almennt er ekki virðing borin fyrir skoðunum þeirra. Í því samhengi sagði einn þátttakandi málþingsins nokkur orð um Ungmennaráð Reykavíkurborgar og kom fram að slík ráð væru í fleiri sveitarfélögum. Þessu mætti koma á víðar um landið þar sem hér væri um góðan vettvang að ræða fyrir ungt fólk að láta rödd sína heyrast.

Þátttakendur töldu lítilsvirðingu fyrir ákveðnum hópum í samfélaginu, þröngsýni og skort á umburðarlyndi vera vandamál sem kæmi í veg fyrir borgaravitund og vídtæka þátttöku.

Kosningaréttur

Talsverð umræða var um kosningarétt og mikilvægi hans. Töldu þátttakendur kosningaréttinn vera grundvallaratriði í að vera virkur þátttakandi í lýðræðislegu samfélaginu. Bentu þátttakendur á að hafa mætti fleiri kosningar og nota t.d. hraðbanka og annars konar tækni til að auðvelda fólki að kjósa. Hins vegar þarf að gæta þess að kosningar verði ekki of margar.

3.2. Leiðir til aukinnar þátttöku í samfélaginu

Lífleg umræða var á málþinginu um hugsanlegar leiðir til úrbóta. Rætt var um hvernig virkja mætti fólk, sérstaklega ungt fólk, til aukinnar þátttöku í samfélaginu og til að efla borgaravitund. Hér fer á eftir samantekt um helstu úrræði og leiðir sem ræddar voru.

Umræða

Áberandi var áhersla unga fólksins á mikilvægi þess að virkja ungt fólk og hvetja það til umræðu um menn og málefni. Nefndar voru ýmsar leiðir, s.s. að halda almenningssþing oftari, borgarafundi og ungmennasþing. Skapa þyrfti ungu fólki vettvang. Umræður þurfa að verða opnari og auka þarf skilning á og virðingu fyrir skoðunum ungs fólks. Þátttakendur líta á netið sem sóknarfæri til að virkja ungu kynslóðina í umræðum. Sem dæmi var nefnt að hafa virkan spjallþráð, óháðan aldri, til að ræða málefni sem snúa að samfélaginu og stjórnámálum og/eða heimasíðu þar sem ungmenni geta rætt stjórnsmál sín á milli.

„Krakkar eru hræddir við að tjá skoðanir sínar“



Talsvert var rætt um að efla þurfi hinn almenna borgara í gagnrýni á stjórnvöld og væri það mikilvægur þáttur í því að vera virkur þátttakandi í lýðræðislegu samfélagi.

Áherslur í kennslu

Töluverð áhersla var á mikilvægi þess að efla borgaravitund og virkja ungt fólk til samfélagsþátttöku og umræðu og hvernig nýta mætti skólastarf í því skyni. Var helst bent á ýmsar breyttar áherslur í kennslu og kennsluháttum.

„Það ætti að breyta
áherslum í
lífsleiknitímum. Í staðinn
fyrir að segja ekki reykja
hass, ekki drekka, farið
að sofa kl. 9 ætti frekar á
að kynna fólki pólitíkina“



Kallað var eftir aukinni kennslu í stjórn málafræðum og í lýðræði og borgaravitund. Efla mætti þjálfun nemenda í að taka þátt í umræðum og til skoðanaskipta í skólastarfi almennt. Nýta mætti kennslu í lífsleikni til að fjalla um þessi mál. Var þetta talinn liður í því að uppræta vandamálið sem snýr að áhugaleysi ungs fólks. Nánar var fjallað um námsefni og kennsluhætti í hópastarfinu og má sjá samantekt um það í kafla 4.

4. NIÐURSTÖÐUR HÓPASTARFS

4.1. Hinn fullkomni lýðræðislegi skóli

Í hópastarfi á málþinginu vann hver hópur með tvær spurningar. Allir hóparnir unnu með spurninguna: „Hvernig er hinn fullkomni lýðræðislegi skóli?“ Dæmi um nokkra umræðupunkta sem gefnir voru til að styðjast við:

- Stjórnun
- Ákvörðunartaka
- Námsefni
- Kennsluhættir
- Félagsstarf
- Frelsi

Stjórnun og ákvörðunartaka

Talsvert var rætt um að þörf væri á hagsmunaráði af einhverju tagi sem hefði það hlutverk að gæta hagsmuna nemenda í skólastjórnun og væri slíkt ráð vettvangur nemenda til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Komu fram mismunandi tillögur um samsetningu slíks ráðs og hvernig val í ráðið færi fram. Í slíku ráði gætu setið skólastjóri, fulltrúar nemenda og hugsanlega fulltrúar foreldra og stjórnvalda. Nemendur gætu sjálfir kosið fulltrúa sína í ráðið, en einnig kom fram sú hugmynd að námsráðgjafi velji nokkra nemendur sem svo er kosið um.

„Fjölga kosningum í skólastarfinu, t.d. hafa kosningar í lok kennslustundar um eitthvað ákveðið“



Skiptar skoðanir voru um vald skólastjóra og um ráðningu hans. Það sjónarmið kom fram að skólastjóri ætti að vera kjörinn af almennum borgurum. Flestir voru sammála um að ákvarðanataka ætti að vera í höndum hans. Einnig kom þó fram það sjónarmið að skólastjóri ætti að hafa takmarkað vald.

Í hinum fullkomna lýðræðislega skóla ættu nemendur að hafa kost á að kjósa um mikilvæg mál sem varða hagsmuni þeirra og ætti ákvarðanataka að taka mið af niðurstöðum slíkrar kosningar.

Lýðræðislegur skóli byggist á góðu samstarfi nemenda, kennara og

skólastjórnenda og ekki síst gagnkvæmri virðingu. Þá kom fram að kennarar ættu að vera hlutlausir í kennslunni og ekki að hafa mótandi áhrif á skoðanamyndun nemenda. Kennarar ættu að hvetja nemendur til að mynda sér sjálfstæðar skoðanir.

Áhersla var á mikilvægi þess að skólastjórnendur væru sýnilegir í lýðræðislegum skóla. Skólastjórar ættu að vera sýnilegir bæði í skóla- og félagsstarfi og vera í góðum tengslum við nemendur.

Nemendur ættu að fá tækifæri til að meta kennarana sína á formlegan hátt.

Námsefni og kennsluhættir

Umræða um námsefni snerist að miklu leyti um leiðir til að þjálfa nemendur í að vera virkir þátttakendur. Kennsla á ekki síður að snúast um að þjálfa nemendur í að hafa sjálfstæðar skoðanir og að örva tjáningu og skoðanaskipti. Þjálfun í ritun og munnlegri tjáningu þarf að vera öflug. Þetta á einnig við um tungumálakennslu.

Í lýðræðislegum skóla á námsefni að vera fjölbreytt og gott framboð af valfögum. Leggja á áherslu á umræður í kennslustundum þar sem mögulegt er.

Efla á lífsleiknikennslu þar sem tíminn er nýttur til að fræða nemendur og þjálfa í að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi. Þá kom fram nokkur áhersla á mikilvægi fræðslu í trúarbragðafræði, samfélagsfræði og stjórn málafræði í grunnskólum í því skyni að sporna gegn fordómum og skilningsleysi gagnvart náunganum. Í hinum fullkomna lýðræðislega skóla á að vera meiri áhersla á verklegt nám en nú er.

„Óhefðbundin kennsla til að vekja áhuga“



Á málþinginu kom fram það sjónarmið að með styttingu framhaldsnáms væri verið að skerða möguleika fólks til náms. Ákvörðun um styttingu framhaldsnáms hlaut talsverða gagnrýni á þinginu. Sérstaklega var það gagnrýnt að nemendur hefðu ekki fengið tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri varðandi styttinguna. Þá kom fram gagnrýni á samræmd stúdentspróf.

Félagsstarf

Í hinum fullkomna lýðræðislega skóla er félagsstarf í höndum nemenda, en byggist á góðu samstarfi nemendaráðs og skólastjórnar. Félagsstarf á að byggja á kosningum nemenda í nefndir, eins og raunin er reyndar víða í grunn- og framhaldsskólum. Fram kom mikilvægi þess að sem flestir tækju þátt í einhvers konar félagsstarfi í skólum og að fleiri en þeir sem sitja í nemendaráði geti haft áhrif.

Fram kom það sjónarmið að í lýðræðislegum skóla sé félagsstarf metið sem nám að einhverju leyti, þar sem nemendur læra oft jafnmikið á þátttöku í slíku starfi. Væri það einnig leið til að hvetja nemendur til að taka þátt í slíku starfi. Félagstarf á að vera fjölbreytt og virkt.

„Leyfa fólki að tjá sig betur“



Fram komu hugmyndir um uppbyggjandi félagsstarf s.s. í formi samstarfs við vinabekki og ýmiss konar hópastarf. Talsvert var rætt um áherslu á vímuefnalaust félagsstarf og gildi þess.

Frelsi

Fram kom það sjónarmið að frelsi í 1.-7. bekk grunnskóla væri takmarkað og gerði það að verkum að nemendur væru hræddir við að tjá skoðanir sínar og vera sjálfstæðir. Efasemdaraddir heyrðust þó um að mögulegt væri að hafa frelsi í skólum, en um það voru skiptar skoðanir meðal þátttakenda.

Skoðanafrelsi og skoðanaskipti var að mati þátttakenda einn mikilvægasti þáttur frelsis í lýðræðislegum skóla. Leiðir til að efla frelsi nemenda væru t.d. kosningar vegna ákvörðunartöku, hugmyndakassi og hlutlaus kennsla.

Vísað var í kosningu rektors við Háskóla Íslands og kom fram sú hugmynd að val á skólastjórum í framhaldsskólum ætti að fara fram á sama hátt. Þannig gætu nemendur fundið beint áhrif kosningarréttar síns og skynjað mikilvægi hans.

4.2. Niðurstöður um önnur umræðuefni

Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum úr umræðum hópanna um önnur umræðuefni sem ekki voru sameiginleg í öllum hópum.

Kosningaþátttaka og kosningaréttur

Einn hópur vann með verkefni sem snýr að kosningarétti og velti m.a. fyrir sér mikilvægi hans. Niðurstöður hópsins voru eftirfarandi:

- Kosningarréttur er nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi. „Power to the people“!
- Halda ætti þjóðaratkvæðagreiðslu um mikilvæg málefni, en varast samt að ofnota hana. Afleiðingar gætu verið að kjörsókn minnki. Þá er erfitt að segja til um hver á að meta hver ræður og hvað skiptir meira máli en annað?
- Auka hraðbankakosningar og netkosningar
- Mikilvægt er að fólk ræði betur um málefni kosninga hverju sinni

4.3. Er ungt fólk virkt/sýnilegt í samfélaginu?

Einn vinnuhópur velti því fyrir sér hvort ungt fólk væri virkt í samfélaginu. Ákvað hópurinn að nálgast spurninguna út frá því hvort ungt fólk væri sýnilegt í samfélaginu og eru niðurstöður hópsins eftirfarandi:

- Grunnskólanemendur eiga erfiðara með að vera virkir í samfélaginu, þar sem þeir eru svo miklu skorðaðri í skólakerfinu heldur en framhaldsskólanemendur
- Ungt fólk getur verið virkt og sýnilegt ef það vill. Það ætti bara að gera meira af því að sýna sig á jákvæðan hátt
- Fjölmíðlar eru harðir í horn að taka og það er stundum eins og þeir vilji gefa slæma mynd af ungu fólki. Unglingadrykkja er máluð svartari í fjölmíðlum en hún er í raun og veru
- Ungu fólkið er að gera margt gott, en þarf að berjast fyrir að fá umfjöllun og þá sérstaklega jákvæða umfjöllun

4.4. Hvernig geta æskulýðssamtök og ungmennahreyfingar eflt borgaravitund?

Í einum hópnum var rætt um það hvernig æskulýðssamtök og ungmennahreyfingar geta eflt borgaravitund. Eftirfarandi eru þær leiðir sem hópurinn benti á:

- Vera með málfundi
- Hafa einhvern vettvang þar sem allir geta komið með hugmyndir
- Stuðla að því að virkja ungmenni frekar til umræðu (hafa skoðun)
- Vera með fréttapésa, blogg, spjallþræði o.s.frv.
- Vera með kynningar á öllum stjórnmalaflokkum
- Gera ungmennum kleift að kjósa sína fulltrúa (í samtökum)
- Efla til mótmæla, vera með kröfugöngur (vera svolítið róttæk)
- Að menntamálaráðherra verði nálægari og heimsæki t.d. ungmennafélög. Mikilvægt að ráðherra svari a.m.k fyrirspurnum

4.5. Fjölmíðlar

Tveir vinnuhópar á málþinginu unnu með spurninguna „Hvaða áhrif hafa fjölmíðlar á daglegt líf og skoðanamyndun“?

Talsverð umræða var á málþinginu um fjölmíðla og mikilvægi þess að fjölmíðlar kynni allar hliðar málsins til þess að gefa fólki tækifæri á að mynda sér sjálfstæðar skoðanir.

Í niðurstöðunum kom eftirfarandi fram:

- Fjölmíðlar hafa ákveðnum siðferðislegum skyldum að gegna. Ásamt fjölskyldu og skóla hafa þeir mest áhrif í félagsmótun ungs fólks. Í fjölmíðlum er athyglinni beint að því sem er í gangi í samfélaginu hverju sinni
- Fjölmíðlar ráða því hvað borgarar hvers samfélags fá að sjá og mynda sér næstum skoðun fyrir þá með túlkun sinni. Því fleiri sem fjölmíðlarnir eru þeim mun fleiri eru sjónarmiðin sem koma fram í umræðum

-
- Fjölmiðlar hafa vald til að grafa undan valdi stjórnmalamanna
 - Fjölmiðlar veita stjórnvöldum aðhald

4.6. Nútímasamskipti

Tveir vinnuhópar ræddu nútímasamskipti og hvort í þeim fælist hindrun eða tækifæri, m.t.t. borgaravitundar og lýðræðis. Niðurstöður hópanna voru eftirfarandi:

- Það sem er svo gott við Netið og GSM síma er að þér er í sjálfsvald hvort þú notar þessa miðla
- Hægt er að misnota allt, m.a. GSM síma og Netið
- Auka ætti eftirlit (foreldrar fylgist með börnum sínum og símafyrirtæki með viðskiptavinum sínum)

Tækifæri:

- Netið opnar upplýsingagátt og auðveldar þeim að hafa aðgang að því að afla sér upplýsinga og jafnvel menntunar
- Samskipti (MSN og Mentor)
- Nýta nútímasamskipti í skólastarfi og kennslu
- Tölvur eru tækifæri af því að þær geta nýst okkur t.d. í skólastarfi. Í samskiptum bæði milli nemenda og svo milli nemenda og kennara
- Tölvur geta nýst sem upplýsingamiðill
- Skjávarpar

Hindranir:

- Tímafrekt
- Tölvur geta líka verið hindrun þegar nemendur gleyma sér í tölvunum
- Vanabindandi

4.7. Skiptir borgaravitund máli?

Einn vinnuhópurinn ræddi hvort borgaravitund skipti máli. Megin niðurstaða hópsins var sú að borgaravitund skipti máli. Helstu niðurstöður hópsins voru þessar:

- Samkennd í fjölbreytileika
- Breyting samfélagsins til hins betra
- Ef engin borgaravitund er til staðar skapast almenn vanlíðan
- Jákvæð borgaravitund eflir almenna vellíðan
- Menntun og fræðsla leiðir til gagnrýnnar hugsunar og stuðlar að jafnrétti

5. SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Hér verða teknar saman helstu niðurstöður hugarflugs og hópastarfs á málþinginu.

Að mati þátttakenda er almennt áhugaleysi um málefni samfélagsins rót vandans og kemur í veg fyrir virkni ungs fólks í samfélaginu.

Á málþinginu kom sterkt í ljós mikilvægi þess að ungt fólk sé hvatt til þess að hafa sjálfstæðar skoðanir og að á það sé hlustað. Sú skoðun var áberandi að skortur á sjálfstrausti og sú trú að ekki væri á tekið mark á ungu fólki kæmi í veg fyrir að ungt fólk láti skoðanir sínar í ljós. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að ýta undir almennt umburðarlyndi í samfélaginu gagnvart ólíkum skoðunum og þjóðfélagshópum. Mikilvægt var talið að skapa samfélag þar sem ungt fólk getur sagt sína skoðun óhindrað og að skólinn geti átt þátt í að skapa slíkan skólabrag.

Lögð var áhersla á að ungt fólk fái þjálfun í að mynda sér sjálfstæðar skoðanir og í að tjá sig bæði í mæltu máli og rituðu. Fram kom mikilvægi þess að ungt fólk fái aukna fræðslu um lýðræðislegan rétt sinn og um stjórnsmál. Þessi áhersla þyrfti að koma fram bæði í kennsluháttum og í kennsluefni. Unnt er að fjalla um þessi mál í lífsleikni þar sem þetta er einmitt þjálfun í lífsleikni.

Að mati þátttakenda eru tengsl milli skóla og nemenda of lítil. Voru nefndar ýmsar leiðir til að auka þessi tengsl, s.s. með virku hagsmunaráði nemenda, formlegu mati nemenda á kennurum sínum og auknum sýnileika skólastjóra í skóla- og félagsstarfi.

Mikil áhersla var á að fólk nýtti sér lýðræðislegan rétt sinn, s.s. kosningarétt og að slíkur réttur væri til staðar. Þetta kom m.a. einnig fram í umræðu um stjórn og ákvörðunartöku í skólasterfi. Margir töldu að nemendur ættu að fá að taka aukinn þátt í stjórn og ákvörðunartöku í skólum, m.a. með setu í hagsmunaráðum og/eða með þátttöku í kosningum um stærri mál innan skólanna.

Borgaravitund skiptir máli að mati þátttakenda og hún eykur samkennd í fjölbreytileika samfélagsins. Hún getur breytt samfélaginu til hins betra og aukið almenna vellíðan. Kennsla í borgaravitund og lýðræði leiðir til gagnrýnnar hugsunar og stuðlar að jafnrétti.

Ef marka má niðurstöður málþingsins hefur unga fólk sem tók þátt ýmislegt til málanna að leggja um hvernig efla megi borgaravitund og áhuga á virkri þátttöku í samfélaginu og hvernig hægt sé að auka áhuga ungs fólks á stjórnsmálum og lýðræði.

6. VIÐAUKI – NIÐURSTÖÐUR HÓPASTARFS

Tekið skal fram að í þessum viðauka er birt orðrétt það sem fram kom á veggspjöldum í kynningum á niðurstöðum hópanna.

6.1. Hópur 1

Hvernig er hinn fullkomni lýðræðislegi skóli?

- Hagsmunaráð í alla skóla. Nemendur -> hagsmunaráð -> skólastjórn:
 - Skólastjóri hafi ekki allt vald
 - Tekið tillit til skoðana nemenda
 - Virkja hagsmunaráð til að hugsa um hagsmuni nemenda. Nemendur geti leitað til hagsmunaráðs í sínum skóla
 - Hafa námsráðgjafa innifalda í kosningum nemendaráðs
 - Námsráðgjafar/kennarar velja út hæfa einstaklinga og nemendur kjósa
- Breyttar áherslur í kennslu:
 - Íslenska: Leggja áherslu á réttitun og textagerð
 - Danska: Kenna krökkum að tala dönsku
 - Enska: Leggja meiri áherslu á lestur
 - Mögulega kenna fyrr tungumál
 - Lífsleikni: Virkja lífsleiknikennslu. Nýta tímann. Fræða nemendur
- Afnema samræmd stúdentspróf
- Auka skoðanafrelsi barna og unglunga
- Trúarbragðafræði og stjórn málafræði í alla grunnskóla:
 - Trúarbrögð: Fjölbreyttari kennsla, kynna öll helstu trúarbrögð. Ekki einblína á kristni
 - Samfélagsfræði: Bæta inn stjórn málafræði
- Félagsstarf:
 - Frekar gott lýðræði er í félagsstarfi í framhaldsskólum
 - Allir framhaldsskólar ættu að hafa vímuefnalaus og áfengislaus böll
- Frelsi:
 - Frelsi er ekkert í 1.-7. bekk. Í 1.-7. bekk eru allar skoðanir bældar niður af kennurum, þar af leiðandi eru einstaklingar ósjálfstæðir og hræddir við að tjá skoðanir og hræddir við að hafa áhuga á stjórn málum

Kosningabátttaka og kosningaréttur:

- Nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi. „Power to the people“!
- Þjóðaratkvæðagreiðsla um mikilvæg málefni. Varast samt að auka lýðræði um of. Afleyðingar gætu verið að kjörsókn hraðminnki

-
- Hver ræður hvað skiptir meira máli en annað?
 - Komumst ekki að niðurstöðu um breytingu. Hugmyndir: hraðbankakosningar, netkosningar
 - Fræða fólk betur um málefni kosninga hverju sinni

6.2. Hópur 2

Hvernig er hinn fullkomni lýðræðislegi skóli?

- Útnefna tvo aðila úr hverjum árgangi til að tala máli nemenda í skólastjórn
- Hafa kosningar meðal nemenda um mál sem þá varðar og nota niðurstöður þeirra þegar taka á ákvarðanir
- Hafa námsefnið fjölbreyttara svo allir geti fundið sig í einhverju
- „Learning by doing“ – meira verklegt upp úr bóklegu
- Félagslíf í höndum nemenda en gott samstarf nemendaráðs og skólastjórnar
- Það er ekki hægt að hafa frelsi í skólum

Er ungt fólk virkt/sýnilegt í samfélaginu?

- Grunnskólanemendur eiga erfiðara með að vera virkir í samfélaginu. Þeir eru svo miklu meira skorðaðir í skólakerfinu heldur en framhaldsskólanemendur
- Ungt fólk getur verið virkt og sýnilegt ef það vill. Það ætti bara að gera meira af því að sýna sig á jákvæðan hátt. Málið er því miður ekki svo einfalt. Fjölmíðlar eru harðir í horn að taka og það er stundum eins og þeir vilji gefa slæma mynd af ungu fólki. Unglingadrykkja er máluð svartari og meira feitleitruð í fjölmíðlum en hún er í raun og veru. Það sorglega er að unga fólkið er að gera margt gott, en þarf að berjast fyrir því að vera sýnileg með það góða sem er í gangi

6.3. Hópur 3

Hvernig er hinn fullkomni lýðræðislegi skóli?

- Hann er ekki til!
- Áfangakerfi = aukið val (meira kjörsvið og frjálst val)
- Aukið samstarf milli kennara, skólastjórnenda og nemenda
- Að skólastjórnendur verði sýnilegri og taki þátt í félagsstarfi nemenda
- Að nemendur geti haft meiri áhrif á námsefnið og hvernig það er kennt
- Stúdentspróf á þínum eigin tíma (ekki skylda að útskrifast á 3 árum). Ef fólk útskrifast á þremur árum getur það ekki farið beint í háskóla af því félagslegur þroski til að læra læknisfræði er t.d. ekki nógur
- Ef námið er stýtt er ekki nægur fjölbreytileiki. Ef allir læra það sama vantar í hin störfín
- Óhefðbundin kennsla (til að vekja áhuga á námsefninu frá öðru

sjónarhorni)

- Leggja jafna áherslu á iðnnám og bóknám (enga fordóma)
- Að félagsstarf sé metið líkt og nám (til eininga?)
- Skylduáfangi í tjáningu á öllum brautum (t.d. leiklist 103)

Frelsi:

- Meiri sérhæfing með auknu vali. Meira frjálst val
- Kosning um skólastjóra (í samanburði við rektorskonningar í HÍ)

Hvernig geta æskulýðssamtök og ungmennahreyfingar eftt borgaravitund?

- Vera með málfundi
- Hafa einhvern vettvang þar sem allir geta komið með hugmyndir
- Stuðla að því að virkja ungmenni frekar til umræðu (hafa skoðun)
- Vera með fréttapésa, blogg, spjallþræði o.s.frv.
- Vera með kynningar á öllum stjórnmalaflokkum
- Gera ungmendum kleift að kjósa sína fulltrúa (í samtökum)
- Efna til mótmæla, vera með kröfugöngur (vera svolítið róttæk)
- Að menntamálaráðherra komi meira við t.d. í ungmennafélögum og svari a.m.k fyrirspurnum

6.4. Hópur 4

Hvernig er hinn fullkomni lýðræðislegi skóli?

- Lýðræði í skólum er mjög lýðræðislegt en óbeint þó. Skólastjórnendur eru kosnir í embætti af almennum borgurum. Meira lýðræði ræðst ekki af því að fela nemendum stjórnina í skólanum, þeir hafa hvorki til þess getuna eða þroskann. Stjórn skólans ætti að vera í höndum skólastjóra og skólastjórnarinnar. Nemendaráðið er tæki nemendanna til að koma þeirra hugmyndum á framfæri
- Skoðanir allra hafa gildi og vega upp á móti hvor annarri, tekið er mið af öllum niðurstöðum
- Nauðsynlegur grunnur lífsins ætti að vera kenndur í grunnskólum landsins. Tæki skólanna ættu að vera fyrsta flokks en ekki úrelt. Námsframboð ætti að vera til fyrirmyndar í framhaldsskólunum og ná yfir mörg áhugasvið. Meira samræmi ætti að vera milli skólanna, varðandi kennslu og stefnur í hinum ýmsu málum
- Samræðutímar og fyrirlestrar ættu að blandast saman í kennslunni. Sumir tímar og sum fög bjóða ekki upp á miklar samræður í tímum, á meðan önnur gera það. Kennarar gefi víða sýn á hin ýmsu mál svo hver og einn einstaklingur geti myndað sér sína eigin skoðun, eða sinn eigin áhuga á hverju og einu
- Félagstarf byggist á kosningum nemenda í nefndir og það er lýðræðislegt kerfi. Eitthvað taumhald þarf að hafa utan um félagsstörf í skólum og henta þessar nefndir því
- Frelsi nemenda er misjafnt milli skóla. Of mikið frelsi er ekki endilega af hinu góða. Þroski krakka við 16 ára aldur er oft ekki

nægilega mikill/góður til að temja sér almenna siði, mæta í skólann, læra heima og því um líkt. Skólinn er skipulagður með nám í huga en einnig eru frjálsir tímar í því. Grunnskólanám er staðlað en frelsi er misjafnt í framhaldsskólum og hver og einn gæti valið sér skóla eftir því, þó námið ætti að vera það sem nemendur eru að sækjast eftir

Fjölmiðlar:

- Fjölmiðlar hafa ákveðnum siðferðislegum skyldum að gegna. Þeir hafa hvað mest áhrif í félagsmótun ásamt fjölskyldu og skóla. Fólk sér hvað er í gangi í samfélaginu í það og það skiptið og beinir augum sínum að því. Fjölmiðlar ráða því hvað íbúar hvers samfélags fá að sjá, hvaða hlið málsins og mynda sér næstum skoðun fyrir þá. Því fleiri sem fjölmiðlarnir eru því fleiri eru sjónarmiðin sem koma fram í umræðuna

6.5. Hópur 5

Hvernig er hinn fullkomni lýðræðislegi skóli?

A) Grunnskóli:

Skylda að hafa ráð samansett af nemendum, kennurum, foreldrum og skólafyrirvöldum sem hafa samskipti sín á milli

B) Framhaldsskóli

Mál utan skólans sem samt sem áður snerta alla menntskælinga (t.d. samræmd stúdentspróf), ákvörðun um slík mál eiga ekki að einangrast við stjórnmal. Hagsmunaráð framhaldsskóla er því stórt skref í rétta átt. Með styttingu náms til stúdentsprófa er verið að skerða frelsi okkar til vals

Áhugi fyrir lýðræði er mismikill eftir skólum og ætti ekki ákvörðun um stjórnarfar einungis að vera í höndum skólastjórnenda

Nútímasamskipti:

- Það sem er svo gott við Internet og GSM síma er að þú hefur algjört vald um hvort þú notar þessa miðla
- Internetið opnar upplýsingagátt og auðveldar þeim að hafa aðgang að því að afla sér upplýsinga, jafnvel menntunar. Auðvitað er hægt að misnota allt, GSM símar og internetið er auðvitað í þeim hópi. Það ætti þar að leiðandi að auka eftirlit (foreldrar fylgist með börnum sínum og símafyrirtæki með viðskiptavinum sínum)

6.6. Hópur 6

Hvernig er hinn fullkomni lýðræðislegi skóli?

Stjórnun

A) Skólastjóri æðstur og aðrir undirmenn.

B) Jafna skólastarfsfólk.

- Skólastjóra, formann nemenda, foreldra, kennara
- Sameiginleg stjórn
- Bak við hvern spilar ákveðinn hópur

Ákvörðurnartaka:

- Athuga með að nemendafélög, foreldrafélög og kennarafélög hittist reglulega og komi sínum skoðunum á framfæri
- Tjá hverju þeir vilji breyta – koma skoðunum á framfæri – hverju viljum við breyta. Fá bæði sjónarhorn foreldra, kennara og nemenda.

Námsefni:

- Auka umræður í kringum námsefni. Athuga víðara svæði en námsbækur
- Auka fjölbreytni í kennslu t.d. tilraunir í eðlisfræði
- Gætu nemendur haft áhrif á hvaða kennara þau hafa. Nemendur meti eigin kennara
- Auka valfög! Hvað vilja nemendurnir
- Nemendur hafi áhrif á kennslu

Kennsluhættir:

- Nemendur hafa áhrif á sína eigin stundatöflu

Félagsstarf:

- Auka samstarf mismunandi skóla (t.d. skrekkur)
- Auka félög innan skólans
- Láta fleiri nemendur hafa áhrif (ekki bara þá sem eru í nemendaráði)
- Vinabekkir
- Auka hópastarf

Frelsi:

- Kosningar um ákvarðanir! T.d hugmyndakassi
- Ath. bekkjablöndun
- Auka samstarf kennara og nemenda
- Aðgangur að skólastofum, tölvum o.fl.

Nútímasamskipti

- Tækifæri:
 - Samskipti (MSN og Mentor)
 - Nýta nútímasamskipti í skólastarfi og kennslu
 - Tölvur eru tækifæri af því að þær geta nýst okkur t.d. í skólastarfi. Í samskiptum bæði milli nemenda og svo milli nemenda og kennara.
 - Tölvur geta nýst sem upplýsingamiðill
 - Tölvur geta líka verið hindrun þegar nemendur gleyma sér í tölvunum
 - Skjávarpar

-
- Hindranir:
 - Tímafrekt
 - Vanabindandi

6.7. Hópur 7

Hvernig er hinn fullkomni lýðræðislegi skóli?

- Gagnkvæm virðing
- Sterkara samstarf
- Fjölbreyttara nám
- Opnari hlutlaus kennsla
- Fjölbreytt og virkt félagsstarf er nauðsynlegt
- Einstaklingsfrelsi nær að næsta manni

Skiptir borgaravitund máli?

Já, hvers vegna?

- Borgaravitund: Samkennd þrátt fyrir fjölbreytileika. Breyting samfélagsins til hins betra
- Ef engin borgaravitund er til staðar væri a.ö.l. vanlíðan almenn
- Menntun og fræðsla leiðir til gagnrýnnar hugsunar og að fólk krefjist jafnréttis
- Jákvæð borgaravitund eflir almenna vellíðan

6.8. Hópur 8

Hvernig er hinn fullkomni lýðræðislegi skóli?

- Nemendur hafa vald í skólaráði af einhverju tagi. Í skólaráði ætti bærinn eða ríkið að eiga fulltrúa, skólastjóri og a.m.k. tveir nemendur. Ákvörðunartaka væri þá hugsanlega undir skólaráði, eða undir skólastjóra, eftir embætti skólastjórnarvalds og fylgir stefnu og ákvörðunartöku ráðsins
- Skoðanafrelsi og upplýsingu, miðlað hlutlaust til nemenda til sinnar eigin túlkunar og ákvörðunartöku
- Námsefni hvers skóla fyrir sig verður fyrirfram ákveðið og nemendur velji skóla eftir því hver námsskráin er. Ekki að velja námsskrá eftir að þú skráir þig í skólann. Hafa vald til að velja sína eigin námsleiðir með því að velja skóla við sitt hæfi

Fjölmiðlar:

- Fjölmiðlar hafa vald til að grafa undan valdi stjórnmalamanna
- Fjölmiðlar eru aðhald stjórnarinnar